

Ársfundur 2023

Tillögur stjórnar Festu til breytinga á samþykktum - lagðar fyrir ársfund 4. maí 2023

Almennt um tillögur til breytinga:

Tillögur að breytingum á neðangreindum greinum samþykktu Festu lífeyrissjóðs eru auðkenndar með rauðum lit og undirstrikun og það sem fellur út er auðkennt með ~~yfirstrikun~~. Skýringar við greinar sem taka breytingum eru auðkenndar með *skáletrun* í sér málsgreinum.

Tillaga til breytinga á grein 4.17.

4.17. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins í samræmi við mótaða stefnu og ákvarðanir stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Framkvæmdastjóri fer með atkvæði sjóðsins á fundum hlutafélaga sem sjóðurinn á hluti í, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum. Framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í lífeyrissjóðnum. Framkvæmdastjóra er óheimilt að taka þátt í atvinnurekstri nema að fengnu leyfi stjórnar. ~~Framkvæmdastjóri skal hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Um hæfi framkvæmdastjóra fer að öðru leyti eftir ákvæðum greinar 4.2.~~

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 4.17:

Grein 4.17 í samþykktum sjóðsins fjallar um hæfi framkvæmdastjóra. Þar segir m.a. að framkvæmdastjóri skuli hafa staðist próf í verðbréfavíðskiptum í samræmi við 53. gr. laga um fjármálafyrirtæki (nú verðbréfaréttindi skv. 40. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga nr. 115/2021). Í lögum er ekki að finna skyldu til þess að framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs skuli hafa verðbréfaréttindi skv. 40. gr. laga nr. 115/2021.

Í 4. mgr. 34. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 er kveðið á um að lífeyrissjóður skuli hafa í þjónustu sinni starfsmann sem hæfur er til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins á grundvelli menntunar sinnar og starfsreynslu og skal hann hafa verðbréfaréttindi skv. 40. gr. laga nr. 115/2021.

Það er því ljóst að vilji löggjafans sé sá að innan vébanda lífeyrissjóða starfi starfsmaður sem er hæfur til að sinna eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins og með verðbréfaréttindi á grundvelli 40. gr. laga nr. 115/2021 en ekki sé gerð krafa til þess að framkvæmdastjóri sjóðsins hafi einnig slík réttindi, enda sé áður nefndur starfsmaður einnig í þjónustu sjóðsins. Meðal annars vegna stærðar lífeyrissjóðsins Festu mun ávallt vera starfrækt sérstakt stöðugildi um eignastýringu verðbréfasafna sjóðsins og mun sá starfsmaður ávallt uppfylla ákvæði 4. mgr. 34. gr. laga nr. 129/1997.

Með vísan til framangreinds er krafa samþykktanna um verðbréfaréttindi framkvæmdastjóra talinn óþarflega íþyngjandi og lagt til að hún verði felld á brott.

Tillaga til breytinga á grein 9.12.

9.12. Framlagi hvers árs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, sbr. 18. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingagjald, skal ráðstafa í samræmi við ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða þannig að ávinnsla nýrra réttinda og lífeyrir vegna geymdra réttinda hækki á komandi ári um sama hundraðshluta eins og nánar er tilgreint hér:

- a. Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu 1 í Viðauka B. ~~sem nemur 4,0% iðgjalda þeirra.~~ Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- b. Greiða skal viðbótarlífeyri í samræmi við Töflu 1 í Viðauka B til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega ~~sem nemur 4,0% af lífeyri þeirra.~~ Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Framangreint framlag til aukningar réttindaávinnslu og lífeyrisgreiðslna skulu hverju sinni að hámarki nema örorkuframlagi ársins.

Tryggingastærðfræðingur sjóðsins skal árlega meta skuldbindingar sjóðsins skv. framangreindri reglu miðað við örorkuframlag ársins og vænt iðgjöld og lífeyrisgreiðslur á komandi ári og gera tillögu um breytingu á hundraðshluta viðbótar ávinnslu og lífeyris, gefi matið til þess tilefni. Skal sjóðsstjórn þá leggja tillögur að breytingum samþykktu lífeyrissjóðsins fyrir ársfund hans svo tryggt sé að örorkuframlagið dugi fyrir skuldbindingum skv. a. og b. lið hér að framan.

Greinargerð með tillögu um breytingu á gr. 9.12:

Grein 9.12 í samþykktum sjóðsins fjallar um ráðstöfun örorkuframlagsins. Þar segir efnislega að hækka skuli úrskurðaðan lífeyri um 4,0% og reikna iðgjaldagreiðendum viðbótarrettindi fyrir 4,0% af iðgjöldum þeirra samkvæmt aldursháðu réttindatöflunni meðan greitt framlag ársins dugar fyrir væntum viðbótariðgjöldum og hækkun lífeyrisgreiðslna á komandi ári. Í samþykktum sjóðsins frá 10. febrúar 2021 var hlutfallið hækkað úr 3,6% í 4,6%, en það var síðan lækkað í upphafi árs 2023 í 4,0%.

Áætluð ráðstöfun örorkuframlagsins árið 2023 samkvæmt grein 9.12 kemur fram í eftirfarandi töflu:

Örorkuframlag greitt árið	2022
Greitt á verðlagi 1.11	707,536 þúsund
Vextir og verðbætur til 31.12.	10,857
Verðmæti í árslok	718,393
Áætluð ráðstöfun næsta ár	
Hækkun skv. Grein 9.12	4,00%
Lífeyrishækkanir	239,863
Réttindaaukning	503,068
	742,931
Reiknaður afgangur	-24,538 þús. Kr.
Af verðmæti í árslok	-3,4%

Eins og taflan sýnir er áætlað að sjóðurinn útdeili umfram stærð framlagsins á árinu 2023 en áætlaður halli þessa árs er 3,4% m.v. 4,0% réttinda- og lífeyrishækkunar. Því eru lagðar til breytingar á grein 9.12 þannig að iðgjaldahækkunar verði 3,8% og viðbótargreiðslur lífeyris 3,3% frá og með staðfestingu nýrra samþykka. Áætlað er að staða framlagsins á þessu ári m.v. tillöguna verði í jafnvægi.

Úthlutunareglur samþykktanna eru frá árinu 2011 þegar örorkuframlagið var upphaflega sett á. Þá höfðu lífeyrisþegar ekki fengið viðbótarréttindi ofan á sín iðgjöld og var þeim réttilega veitt sömu hlutfallslegu hækkun á sínar lífeyrisgreiðslur. Með hverju árinu sem líður hefur stærri hluti lífeyrisþega áunnið sér viðbótarréttindi ofan á iðgjaldagreiðslur og eru því að fá tvöfalda hækkun á sinn lífeyri, bæði vegna iðgjalda og lífeyris. Þess vegna er lagt til að lækka hlutfallslega viðbót lífeyrisþega til framtíðar. Breytingin yrði í skrefum til þess að lífeyrisþegar sjóðsins verði fyrir sem minnstum áhrifum lækkunarinnar. Ráðstöfun framlagsins til framtíðar liti þá út eins og Tafla 1 í Viðauka B, með þeim fyrirvara að staða framlagsins skuli ávallt vera í jafnvægi.

Breytingar á Viðauka B

Ráðstöfun örorkuframlags 2023:

- Auka skal réttindainnvinnslu sjóðfélaga í samræmi við Töflu 1 í Viðauka B. Réttindi skv. ákvæði þessu reiknast að fullu skv. reglum um aldursháða ávinnslu. Þessi réttindi skal auðkenna sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins og veita þau ekki rétt til framreiknings.
- Greiða skal viðbótarlífeyri í samræmi við Töflu 1 í Viðauka B til lífeyrisþega annarra en barnalífeyrisþega. Viðbótarlífeyririnn greiðist mánaðarlega eins og annar lífeyrir. Þessi viðbótarlífeyrir skal auðkenndur sérstaklega í réttindabókhaldi sjóðsins.

Tafla 1

Ár	Lífeyrishækkunar	Réttindahækkunar
2023	3,3%	3,8%
2024	3,0%	3,9%
2025	2,5%	4,1%
2026	2,0%	4,4%
2027	1,5%	4,6%
2028	1,0%	4,9%
2029	0,5%	5,2%
2030	0,0%	5,4%

Greinargerð

Breytingin felur í sér framangreinda viðbót við Viðauka B. Að öðru leyti vísast til greinargerðar með tillögu um breytingu á gr. 9.12.